



Handbook of Family Policy: Lykilrit um fjölskyldustefnu



Ritstjórar: Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard
Cheltenham: Edward Elgar Publishing, Inc, 2018
404 bls. ISBN: 978 1 78471 933 3

Handbækur í fræðaheiminum standa og falla með því hversu gott yfirlit þær gefa yfir stöðu þekkingar á því sviði sem þær fjalla um. Út frá því sjónarhorni

er *Handbook of Family Policy*, sem kom út á síðasta ári í ritstjórn Guðnýjar Bjarkar Eydal og Tine Rostgaard, afbragðs handbók. Í bókinni, sem er gefin út af Edward Elgar-útgáfunni, er gerð grein fyrir stöðu þekkingar á lykilsviðum fjölskyldustefnu, en ritstjórnarnir hafa fengið til liðs við sig félagsvísindafólk í fremstu röð á heimsvísu til að fjalla um þau svið fjölskyldustefnu sem það hefur verið leiðandi á.

Bókin skiptist í fimm meginhluta. Að loknum innangangsorðum ritstjórnanna er fjallað um rannsóknir á fjölskyldustefnu almennt, farið yfir söguna, fjallað um þróun lykilhugtaka, helstu kenningar og svo ýmsar aðferðafræðilegar áskoranir sem sviðið stendur frammi fyrir. Þessi hluti bókarinnar ætti að vera skyldulesning fyrir alla sem eru að feta sín fyrstu skref í rannsóknnum á fjölskyldustefnu enda gefur hann greinargóða yfirsýn yfir efnið.

Í næsta hluta er fjallað um tiltekna hliðar fjölskyldustefnu, svo sem félagslegar tilfærslur til barnafjölskyldna, daggæslu, félagslega fjárfestingu (e. social investment) og fæðingar- og foreldraorlof. Hér getur fólk valið kafla eftir viðfangsefnum, þó rétt sé að hafa í huga að mismunandi viðfangsefni fjölskyldustefnu hanga óhjákvæmilega saman og verða ekki skilin að fullu án þess að við áttum okkur á samspili þeirra.

Í þriðja hlutanum er svo fjallað um ólíkar gerðir fjölskyldustefnu (e. family policy models). Oft takmarkast umræða um mismunandi gerðir eða flokka stefnumótunar við Evrópu, enda mest framboð af gögnum um þau lönd. Það sem er einkar aðdáunarvert við *Handbook of Family Policy* er að í henni er fjallað um mikinn fjölda ólíkra svæða, svo sem Norðurlöndin, hinn enskumælandi heim, Vestur-, Suður- og Austur-Evrópu, Austur-Asíu, Suður-Ameríku, Suður-Afríku og Indland. Það er jafnvel sérstakur kafli um fjölskyldustefnu í alræðisríkjum.

Í fjórða hlutanum er svo fjallað um áhrif fjölskyldustefnu. Þar er fjallað um barnafátækt, velsæld barna og foreldrahlutverk og velsæld foreldra. Þetta eru auðvitað lykilatriði þegar kemur að áhrifum fjölskyldustefnu en þó get ég ekki varist þeirri hugsun að þessi hluti bókarinnar sé fullrýr, enda möguleg áhrif og markmið fjölskyldustefnu ansi víðtæk. Kaflarnir þrír sem mynda þennan hluta gera hins vegar allir viðfangsefnum góð skil.

Síðasti hluti bókarinnar fjallar svo um þær áskoranir sem fjölskyldustefna og rannsóknir á henni standa frammi fyrir. Þessi hluti bókarinnar dregur ekki síst fram hversu dýnamískt viðfangsefni fjölskyldustefna er, bæði hvað varðar stefnumótun og rannsóknir. Þegar kemur að rannsóknnum sýnir *Handbook of Family Policy* svo ekki verður um villst að uppsöfnuð þekking á sviðinu er umtalsverð en einnig að enn er mikið verk óunnið, t.d. á sviði kenninga, skilgreininga, aðferða og viðfangsefna. Fjölskyldustefna er því ákaflega spennandi vettvangur fyrir rannsakendur.

Það dylst varla að ég er mjög upprifinn eftir lestur handbókar þeirra Guðnýjar Eydal og Tine Rostgaard. Engu að síður er ýmislegt sem má bæta í framtíðarútgáfum bókarinnar (akademískar handbækur þarf vissulega oft að uppfæra með nýrri stöðu þekkingar og nýjum viðfangsefnum). Fáeina hluti hefði mátt taka fyrir á skýrari hátt, þó það sé víða komið inn á þá í köflum bókarinnar. Sem dæmi má nefna gagnkvæm réttindi og skyldur fjölskyldumeðlima, sem og fjölskyldutengsl út fyrir heimilið (svo sem við umgengnisforeldra, en einnig umönnun aldraðra foreldra utan heimilis). Þetta eru viðfangsefni sem ritstjórn bókarinnar eru öðrum fróðari um og það er alls ekki svo að þau fái enga umfjöllun í bókinni, heldur vildi ég gjarnan enn meiri umfjöllun. Það er hins vegar vandaverk að setja saman handbók sem þessa og þurfa að taka margar erfiðar ákvarðanir um hvað skuli fjalla um og á hvaða hátt.

Handbook of Family Policy er lykilrit á sviði fjölskyldustefnu. Ekki aðeins er bókin afbragðs heildaryfirlit yfir stöðu þekkingar á fjölskyldustefnu og hafsjór fróðleiks um ólíkar stefnur og áhrif þeirra, heldur ganga ýmsir kaflahöfundar lengra og bæta við þá þekkingu. Þetta er glæsilegt rit sem nýtist rannsakendum, þeim sem starfa við stefnumótun og þeim sem starfa á sviðinu. Handbókin ætti líka að vera fyrsta stopp þeirra sem eru að kynna sér fjölskyldustefnu í fyrsta sinn. Hún inniheldur ekki allt sem maður þarf að vita — engin ein bók gerir það — en eftir að hafa lesið hana veit maður ansi mikið og hefur skýran vegvísi um það hvar maður skuli leita að því sem upp á vantar.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Það sem karlar vilja vita. Vísindalega sönnuð leyndarmál um samskipti kynjanna



Höfundar: Dr. John Gottman og Julie Schwartz Gottman, ásamt Douglas Abrams og Rachel Carlton Abrams
Reykjavík: Ólafur Grétar Gunnarsson, 2018
196 bls. ISBN: 978-9935-24-402-4

Bókin *Það sem karlar vilja vita. Vísindalega sönnuð leyndarmál um samskipti kynjanna* kom út á íslensku í desember sl. Á

frummálinu heitir bókin *The Man's Guide to Women. Scientifically Proven Secrets from the "Love Lab" About what Women Really Want*. Hún er verk hinna þekktu fjölskyldufræðinga Gottman & Gottman með framlagi fleiri fræðimanna á tækni/heilbrigðissviði. Það er Ólafur Grétar Gunnarson, hjóna- og fjölskylduráðgjafi, sem hefur hlutast til um þýðinguna og haft veg og vanda af útgáfunni. Ólafur hefur verið ötull umboðsmaður Gottman & Gottman á Íslandi, meðal annars með því að fá þau til að halda námskeið hér á landi. Margir íslenskir hjóna- og fjölskylduþerapistar hafa þannig fengið innsýn í nálgun Gottman-hjónanna og þeim verið opnuð leið að frekara námi og þjálfun til diplómaréttinda í fræðigrunni og aðferðum *The Gottmans Institute* í Seattle í Washington í Bandaríkjunum. Gottman-hjónin hafa ritað fjölda greina og bóka, meðal annars: *Ten Principles for Doing Effective Couples Therapy, And Baby Makes Three* og *The Marriage Clinic Casebook*, (allar fáanlegar hjá Amazon). Bókatitlarnir spegla áherslur þeirra á partvenndina, foreldrar-barn-þrenndina og uppbyggilegt samspil þessara undirkerfa.

Bókin *Það sem karlar vilja vita* er ekki aðeins byggð á traustum fræðilegum grunni og langtíma klínískum tilraunaverkefnum heldur miðlar hún áratuga reynslu höfunda í parameðferð sem hér birtist í fjölbreyttum og ríkulegum fjölda dæma. Lausnamiðuð greining með hagnýtum leiðbeiningum um vænlega og óvænlega hegðun gefur gott veganesti og textinn er gjarnan settur fram í léttum og hlýjum tón, með stuðningi skemmtilegra teiknimynda. Annar meginstyrkur bókarinnar er gott íslenskt mál og auðskilinn boðskapur. Þetta má ekki hvað síst þakka lipurri þýðingu og máltilfinningu Maríu

Vigdísar Kristjánsdóttur, sem jafnvel kemur stundum fram með íslensk orð yfir fyrirbæri sem algengara er að nota um enskuslettur. Hver kafli er studdur heimildum sem lesa má um aftanmáls, en textanum er ekki íþyngt með vísunum, enda bókin ætluð almenningi ekki síður en fagfólki. Hins vegar hefði prófarkalestur hjá *Ræðu og riti* mátt vera vandaðri, en talsvert er um innsláttarvillur. Umbrotið er bæði vandað og skemmtilegt, enda virðist bandarísku útgáfunni vera þar fylgt óbreyttri.

Það er ástæða til að fagna fræðsluefni á sviði parsamskipta sem er í senn aðgengilegt og gagnlegt fyrir íslenskan almenning. Taka má undir orð Önnu Maríu Jónsdóttur geðlæknis á bakhlíð bókarinnar: „Hún leiðir körlum fyrir sjónir hvað þeir hafa mikið að segja um farsæld parsambands ...“.

Bókin er eins konar sjálfshjálparbók sem, eins og titillinn ber með sér, er hér einkum beint til karla. Á því eru tvær hliðar. Vissulega getur það hjálpað sumum karlmonnum að ígrunda eigin framkomu, íhuga hvað megi betur fara og leggja þannig sitt af mörkum til að styrkja parsambandið og styrkja tengsl við konu sína. Það á ekki síst við um kaflana um makaval, kvenlíkamann og kynfræðslu, meðal annars um tíðahringinn, meðgöngu og fæðingu. Nú, á tímum vaxandi jafnræðis og minnkandi aðgreiningar kynjanna, er þó orðið algengara að sneiða hjá kynbundinni nálgun, ólíkt því sem hér er gert. Að einhverju leyti má líklega rekja þessa kynbundnu nálgun til bandarískrar menningar og rótgróinna viðhorfa þar sem konur eru álitnar snúið viðfangsefni karla, samanber geranda-þolanda. Konur séu hið veikara kyn, sem þurfi jafnvel að „meðhöndla“ sem kenjött, viðkvæm börn. Skýrari áhersla á samskipta- og hreyfiafl (e. dynamik) parsambandsins, flókið gagnkvæmt tilfinningasamspil og fjölbætt áhrif fjölskyldu- og upprunatengsla hefði auðveldað skilning og varpað skýrara ljósi á þýðingu uppvaxtarumhverfis og tengslamynsturs fyrir pör og foreldra – óháð kyni.

Framsetning og nálgun endurspeglar það hvernig hugmyndafræði og viðhorf eru kynnt bæði almenningi, nemendum og lítt reyndum þerapistum. Hins vegar ætti reyndum hjónaþerapistum að vera í lófa lagið að nota víðara sjónarhorn því flest af þeim fyrirbærum, viðhorfum og hegðunarmynstrum sem hér eru tekin til skoðunar og bent á leiðir til að bæta úr, geta svo sannarlega átt jafnt við um karla, konur og önnur kyn. Í íslensku útgáfunni er reyndar í undirtitlinum talað um *samskipti kynjanna*, en ekki aðeins „What Women Really Want“. Það fer vel á því, enda hafa Gottman-hjónin í reynd það sjónarhorn að leiðarljósi í meðferðarstarfi sínu.



Sem sjálfhjálpartæki handa þörum er tvímælalaust fengur að þessari bók fyrir íslenskan lesendahóp. Hún er einnig kærkomið tilvísunarefni fyrir skjólstaðinga á stofum meðferðarfólks og ætti að geta komið að góðu gagni bæði fyrir almenning, námsmenn og fagfólk.

Sigrún Júlíusdóttir

Factfulness, Ten Reasons We're Wrong About the World – and Why Things Are Better Than You Think




Höfundar: Hans Rosling, meðhöfundar Ola Rosling og Anna Rosling Rönnlund
New York: Flatiron books, 2018
342 bls. ISBN: 978-1-250-10781-7

Hversu skýra mynd höfum við á Vesturlöndum af öðrum heims hlutum eða heimsálfum eins og Afríku, Asíu og S-Ameríku? Undirrituð komst að því við lestur þessarar bókar að talsvert

vantaði upp á að heimsmýndin væri rétt og því var fróðlegt, annars vegar að fá skýrari mynd af stöðu mála við lestur bókarinnar, og hins vegar að komast að því hvers vegna okkur hættir til að viðhalda úreltum hugmyndum um ríki utan Vesturlanda, en um þetta fjallar bókinn *Factfulness*.

Hans Rosling (1948-2017) var læknir, fræðimaður og tölfraeðingur. Hann gegndi stöðu prófessors í alþjóða heilbrigðismálum við Karolinska í Svíþjóð auk þess að vera ráðgjafi World Health Organization (WHO) og UNICEF og eftirsóttur fyrirlesari. Hans Rosling var þekktur fyrir fyrirlestra sína þar sem hann lagði fyrir áheyrendur einfaldar spurningar um stöðu mála í heiminum. Þetta voru meðal annars spurningar um fátækt og þróun fátæktar síðastliðna áratugi, læsi barna og lengd skólagöngu, aðgang að rafmagni og hreinu vatni og hversu stór hluti þjóða heims flokkast sem lágtekjusvæði, meðaltekjusvæði og hátekjusvæði. Það er skemmst frá því að segja að svör áheyrenda voru sláandi röng og því gerði Hans Rosling það að sínu helsta viðfangsefni að leiðrétta skakka heimsmýnd fólks og útbúa aðgengileg og auðskiljanleg tölfraeðileg gögn um þetta og önnur atriði sem varða meðal annars mann-


fjöldapróun, lífslíkur, heilbrigði á ýmsum sviðum, svo sem hlutfall bólusettra barna og fjölda dauðsfalla af völdum náttúruhamfara. Það var hans síðasta verkefni að ljúka við bókina *Factfulness* á meðan hann glímdi við alvarleg veikindi sem að lokum drógu hann til dauða. Með aðstoð sonar síns og tengdadóttur úthjó hann á einstaklega skýran hátt tölfraeðilegar skýringarmyndir og kort yfir alla heimshluta. Þessar myndir, og þar á meðal hið fræga bólurit (e. bubble chart), eru birtar í bókinni og á heimasíðu þeirra þremmenninganna, www.gapminder.org. Upplýsingarnar og framsetning þeirra hreyfa við lesandanum og maður uppgötvar að hin svarthvíta mynd sem margur hefur í hugsa sér af heiminum er löngu orðin úrelt. Þess má geta að tölfraeðin er uppfærð reglulega á áður nefndri heimasíðu.



Bóluritið sem höfundar *Factfulness* hönnuðu og sýnir heilbrigði og velferð á heimsvísu. Kortið er uppfært reglulega á heimasíðunni www.gapminder.org

Ástríða Hans Rosling fyrir þessari tölfraeði byggist á reynslu hans sem læknis í ríkjum þriðja heimsins og af fyrirlestrum hans. Í fyrirlestrum sínum komst hann að því að jafnvel sprenglært fólk komst ekki nálægt því að svara rétt einföldum spurningum sem hann lagði fyrir þúsundir um allan heim. Sem dæmi má nefna að aðeins 7% svarenda hafa getað svarað rétt spurningunni um það hvort hlutfall þeirra sem lifa í sára fátækt hafi á síðastliðnum árum a) tvöfaldast b) staðið í stað c) minnkað um helming. Læt ég þessari spurningu ósvarað en svarið má finna í bókinni ásamt svörum við öðrum spurningum sem Hans hefur lagt fyrir fólk. Í öllum tilfellum dró fólk upp mun svartari mynd af heiminum en tölfraeðin gaf til kynna, og þá sérstaklega þeim hluta heims sem ekki tilheyrir svokölluðum Vesturlöndum.

Um leið og Hans Rosling setur fram tölulegar upplýsingar um áður nefnt ástand í heiminum og þar með



Líf fólks skipt niður á fjögur tekjusvið.

svör við spurningum sínum fer hann yfir tíu mismunandi þætti sem hann segir valda tilhneigingu fólks til að draga upp skakka heimsmynd. Eins og undirtíll bókarinnar segir:

10 ástæður þess að við höfum rangt fyrir okkur varðandi heiminn – og hvers vegna ástandið er betra en þú heldur.

Það er farið vel í þessa þætti og settar fram leiðbeiningar um hvernig við getum forðast þessa tilhneigingu. Áherslan er, eins og segir í inngangi, á: „heiminn og hvernig hægt er að skilja hann“. Meðal þessara tíu þátta sem trufla mat okkar eru innbyggðar hugmyndir um aðskilnað í heiminum á borð við „við á Vesturlöndum og þið hin“ eða „the West and the rest“ eins og Hans orðar það; tilhneiging til að sverta hlutina; alhæfingar um ástand; það að láta viðhorf stýrast af ótta; að sjá hlutina út frá of þröngu sjónarhorni og fleiri þættir.


Hans Rosling leiðir okkur fyrir sjónir að ríkjandi ranghugmyndir um þróun mála í heiminum stafa ekki, eins og maður skyldi halda, af röngum eða einsleitum fréttaflutningi, heldur má ekki síst rekja þær til meðfæddra viðhorfa eða eðlishvata sem við þurfum að læra að hefja okkur upp yfir. Segja má að bókin sé eins konar kennslubók í gagnrýninni hugsun og mikilvægi þess að beita henni dagsdaglega.

Factfulness er lipurlega skrifuð bók, skemmtileg og auðlesin. Umfjöllunin gengur út á það að leiðrétta heimssýn lesandans með skýrri og auðskiljanlegri framsetningu á tölfræðilegum upplýsingum og benda á hvað það er sem truflar mat okkar á stöðu mála. Inn í frásögnina fléttar Hans síðan áhugaverðum sögum úr eigin reynsluheimi.

Undirrituð hefur fram að þessu verið þeirrar skoðunar að ástand heimsins fari heldur versnandi. Það var því endurnærandi lestur að sjá í tölum allar þær framfarir sem hafa átt sér stað á liðnum áratugum og hvernig samfélög og lönd víða um heim hafa tekið stórstígu framförum á sviðum sem varða velferð, menntun og heilbrigði. Takk fyrir mig.

Eldey Huld Jónsdóttir

The A-to-Z SELF-CARE Handbook for Social Workers and Other Helping Professionals



Ritstjórar: Erlene Grise-Owens, Justin "Jay" Miller og Mindy Eaves
Harrisburg: The New Social Worker Press, 2016.

161 bls. ISBN: 9781929109531

Bókinni ritstýra þrír félagsráðgjafar og fjallar hún um sjálfsrækt eða „self-care“, sem að mati bæði höfundu og ritstjóra er öllu fagfólki bæði nauðsynleg og gefandi – bæði fyrir það sjálft

og alla sem það vinnur með. Í bókinni er lögð áhersla á að það sé skylda félagsráðgjafa (og annarra fagaðila) að huga vel að heilsu sinni og umönnun, bæði persónulega og faglega.

Í upphafi bókarinnar er kynningarkafli þar sem farið er yfir tilgang bókarinnar og hvernig hún nýtist lesendum sem best. Lagt er upp með að bókin sé fagaðilum eins konar leiðarvísir eða hugmyndabanki um mismunandi aðferðir til að huga að eigin heilsu og vellíðan og draga úr streitu.

Í kynningu á notkun bókarinnar segir að hún geti bæði verið gagnleg þeim sem lesa hana og einnig sé hægt að nota hana sem handbók um vinnu með hópa, t.d. í handleiðslu og eflingu starfshópa á vinnustöðum,




og þá bæði á einstökum námskeiðum og í vinnu sem fram fer yfir lengra tímabil.

Meginkaflar bókarinnar skiptast svo upp eftir stafrófinu, frá A til Z, þar sem hver bókstafur er tengdur orði sem, að mati viðkomandi höfundar, hefur skírskotun í sjálfsrækt. Hver kafli er í raun sjálfstæður og því er ekki nauðsynlegt að lesa bókina frá A-Ö, ef svo má að orði komast. Lesandinn getur hreinlega byrjað á þeim kafla sem honum finnst höfða best til sín og lesið kaflana í hvaða röð sem er. Þá er bókin líka gott uppflöttirit eða „náttborðs-bók“ til að glugga í eftir þörfum og/eda löngun. Sem dæmi um kafla og orð má nefna kafla um tímann sem er undir bókstafnum „T“, hómur sem er undir stafnum „H“, lífsstíl sem er undir stafnum „L“ og náttúru undir stafnum „N“. Hver kafli er stuttur, örfáar blaðsíður, og gefur hugmyndir um hvernig viðkomandi orð getur tengst sjálfsrækt, og það getur svo verið undir lesandanum komið að finna fleiri leiðir til að tengja orð og sjálfsrækt saman. Sem dæmi um innihald kafla má nefna að undir stafnum „N“, þar sem rætt er um hlutverk náttúrunnar í sjálfsrækt, eru settar fram hugmyndir um að fara í stuttar gönguferðir í náttúrunni og höfundurinn segir frá því hvernig hann hefur ræktað sinn eigin garð og hvernig það hefur verið bæði líkamleg og andleg uppbygging og útrás. Þar er því einnig lýst hvernig myndir af náttúrunni, stofublóm og náttúrumyndir á tölvuskjánum eru allt leiðir til að færa náttúruna inn á skrifstofuna og hafa hana í aug-sýn og hvernig hljóð úr náttúrunni og ilmolíur með náttúruilmi (t.d. mynta og lofnarblóm) geta dregið úr streitueinkennum og aukið vellíðan á vinnustaðnum.

Áhersla er lögð á það að hvernig sem sjálfsrækt lesandans fer fram og í hverju svo sem hún felst sé mikilvægast að hann hafi gert sér áætlun um það hver hún eigi að vera og hvernig hann ætli að mæla hana. Bókinni er ekki ætlað að vera tæmandi listi yfir það sem lesandi getur gert til að huga að eigin vellíðan heldur á hún að gefa hugmyndir og er lesandinn hvattur til þess að móta sína eigin áætlun um sjálfsrækt og bæta inn í hana hugmyndum sem hann hefur fengið sjálfur og/eda fengið annars staðar. Í bókinni er sett fram einfalt og sjónrænt form fyrir lesandann til að setja saman sína eigin sjálfsræktaráætlun og gefið er dæmi um hvernig slík áætlun getur litið út. Lesandinn er síðan hvattur til að nota formið og laga það að eigin sjálfsræktaráætlun.

Ingibjörg Þórðardóttir

Tímaritið Nordic Social Work Research (NSWR) sérðu það - lestu það?



Eins og kunnugt er gefur FORSA út norræna tímaritið *Nordic Social Work Research*. Hér á eftir fylgja nokkur dæmi um efni greina í blaðinu á síðastliðnum árum en þó langt frá því tæmandi:

vinnuálag félagsráðgjafa; skilyrt félagsleg aðstoð; samband félagsráðgjafa og notenda; skilningur félagsráðgjafa á kynbund-

inni stöðu ungra afbrotamanna; heilsufar og umönnun; ofbeldi í ýmsu ljósi, s.s. eltihrelli og reynsla kvenna af því að loknum skilnaði; stuðningur félagsþjónustu við konur sem beittar hafa verið heimilisofbeldi; ákvarðanatöku, s.s. dómstóla í umgengismálum tengdum heimilisofbeldi; raddir barna og heimilisofbeldi; ákvarðanir um tilkynningar um að barn sé beitt heimilisofbeldi; hugmyndir og reynsla kennara og heilbrigðisstarfsfólks; samband félagsráðgjafa og notenda frá ýmsum hliðum.

Glöggur lesandi sér í þessari upptalningu margar greinar um ákvarðanatöku og heimilisofbeldi, sem skýrist af því að tvö nýleg þemahefti fjölluðu um þessi efni. Má í því sambandi benda á efnismiklar ritstjórnargreinar þar.

NSWR er norrænt tímarit í félagsráðgjöf á enskri tungu. Núverandi ritstjórar eru Maria Appel Nissen, við háskólann í Álaborg, og Maria Eriksson, Ersta Sköndal í Stokkhólmi.

Markmið *Nordic Social Work Research* er að efna til samræðu og alþjóðlegra birtinga á rannsóknum á sviðum félagsráðgjafar, velferðarmála og félagsmálastefnu. Með stofnun tímaritsins skapaðist nýr vettvangur til að miðla norrænum rannsóknum um þessi efni. NSWR kemur út þrisvar til fjórum sinnum árlega.

Íslensku ritstjórnina fyrir hönd ÍS-FORSA skipa Guðrún Kristinsdóttir og Guðný Björk Eydal, báðar prófessorar við HÍ. Við hvetjum alla áhugasama til að gerast áskrifendur að NSWR. Einnig væri æskilegt að sem flestir kennarar, stjórnendur og fræðimenn skrifuðu í tímaritið, ekki síst doktors- og jafnvel meistaranemar sem hyggja á frekara nám undir leiðsögn leiðbeinenda. Þá er hægt að birta ritdóma um áhugaverðar



bækur. Ritdómar eru góð leið til að æfa skrif og hafa margir framhaldsnámsnemar stigið fyrstu skrefin sín í ritun á þessu sviði þannig. Hægt er að fá leiðbeiningar um slík skrif ef óskað er.

Rannsóknahópar senda tímaritinu tillögur um þemahefti og margar óskir um birtingar einstakra greina berast NSW. Tímaritið er mikið lesið. Þetta má m.a. sjá af niðurlagi greina af heimasíðunni. Frá maí 2017 til áramóta voru greinar sem hlaðið var niður alls 13.525 eða 22% fleiri en árið 2016. Enn jókst þunginn á árinu 2018. Frá áramótum til aprílloka það ár fjölgaði greinum sem hlaðið var niður enn frekar, þannig að þær urðu 52% fleiri en á sama tímabili árið 2017.

Útgáfan kostar auðvitað sitt og áskriftir stofnana eru dýrari en einstaklinga. *Kaupir þú, þín stofnun*

eða þitt bókasafn tímaritið? Hafðu samband við subscriptions@tandfo.co.uk

Við vitum ekki nóg um lesturinn, gagnsemi og lærdóma sem félagsráðgjafar draga af efninu. Væri full ástæða til að kanna það.

Þau ykkar sem viljið vita meira hvetjum við til að opna heimasíðuna og lesa: www.tandfonline.com/loi/rnsw20

Okkur er líka ánægja að veita meiri upplýsingar, hér eru netföngin: Guðrún Kristinsdóttir, gkristd@hi.is og Guðný Björk Eydal, ge@hi.is

Guðrún Kristinsdóttir

Fréttir - nýr prófessor og Sigrúnarsjóður



Myndin er fengin af fésbókarsíðu Félagsráðgjafardeildar HÍ með leyfi deildarinnar.

Nýr prófessor

Þann 28. febrúar síðastliðinn liðin hlaut dr. Steinunn Hrafnisdóttir framgang í stöðu prófessors í Félagsráðgjafardeild við Háskóla Íslands. Af því tilefni var haldin hátíðleg innsetningarathöfn þar sem farið var yfir feril Steinunnar. Steinunn er því þriðji prófessor Félagsráðgjafardeildar á eftir dr. Sigrúnu Júlíusdóttur og dr. Guðnýju Björku Eydal. Félagsráðgjafafélag Íslands sendir Steinunni innilegar hamingjuóskir.

Úthlutun úr Sigrúnarsjóði

Þann 5. febrúar fór fram úthlutun úr Sigrúnarsjóði sem stofnaður var af dr. Sigrúnu Júlíusdóttur prófessor emeritus. Styrkhafi er Íris Dögg Lárusdóttir, doktorsnemi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og hlaut hún styrk að upphæð 500.000 krónur.

Markmið doktorsverkefnis Írisar Daggar er að kanna fæðingarorlofsnýtingu og umönnunarþátttöku einstæðra foreldra, bæði feðra og mæðra, í samanburði við foreldra í hjónabandi eða sambúð, með það að markmiði að greina hvernig börn í ólíkum fjölskyldugerðum njóta umönnunar beggja foreldra. Doktorsverkefnið er hluti af stærra rannsóknarverkefni undir stjórn Guðnýjar Bjarkar Eydal, prófessors við Félagsráðgjafardeild, og Ingólfs V. Gíslasonar, dósentis við Félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild, sem er ætlað að meta langtímaáhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf foreldra sem eignast sitt fyrsta barn. Félagsráðgjafafélag Íslands sendir Írisi Dögg innilegar hamingjuóskir.



Myndin er fengin af fésbókarsíðu Félagsráðgjafardeildar HÍ með leyfi deildarinnar.